

STF-2018-01 Með landvörðum í Lakagígum

Markmið: Helstu markmið eru að kynna nærsamfélaginu áherslur og starfsemi Þjóðgarðsins á svæðinu. Hér gefst heimamönnum tækifæri til að; sjá hvernig dagurinn gengur fyrir sig á Lakagígasvæðinu, skoða þá uppbyggingu sem garðurinn hefur staðið fyrir, fá fræðslu bæði um svæðið og starfsemina, njóta náttúruvegurðarinnar á hálendinu sínu og eiga skemmtilegan dag saman. Hér gefst tækifæri fyrir ferðaþjónustuaðilana að fræðast nánar um afþreyinguna sem þeir benda gestum sínum á og þeir sem og aðrir heimamenn fá gleggri mynd af þeim ómetanlegu verðmætum sem við eigum saman í faðmi fjallanna.

Lýsing: Þjóðgarðurinn „býður heim“ á Lakagígasvæðinu. Fræðslu- og skemmtidagur á hálendinu. Í boði verður:

- móttaka, spjall, kaffi og með því við landvörslustöðvarnar við Laka og Tjarnargíg,
- fræðsluganga með landverði á Laka,
- ganga að Tjarnargíg,
- móttaka í Blágiljum í lok dags, grillaðar pylsur og glaðst saman fyrir heimferð.

Einnig gefast tækifæri fyrir heimamenn sem hafa atvinnu af ferðaþjónustu/náttúru á einn eða annan hátt að kynna starfsemi sína. Boðið upp á sætaferðir fyrir eldri borgara. Verkefninu er ætlað að miðla fróðleik til nærsamfélagsins og gera það meðvitaðra um hluta af því metnaðarfulla starfi sem fram fer innan þess. Deginum er einnig ætlað að styrkja samstarf og samstöðu íbúanna og efla samkennd þeirra á milli.

Verkefninu var úthlutað kr. 250.000.- árið 2018.

Upplýsingum úr framvindu- og lokaskýrslum verkefnisins verður bætt hér við eftir því sem verkefninu vindur fram.